

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS OG BÚSTAÐA

Ár 2015, mánudaginn 23. nóvember kl.16:30, var haldinn 137. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í Betri stofunni í húsakynnum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Hörður J. Oddfríðarson, Elín Oddný Sigurðardóttir, Sigurður Eggertsson, Elínóra Inga Sigurðardóttir og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Bergný Sævarsdóttir, frá Íbúasamtökum Bústaða og Fossvogshverfis, Valgerður Solveig Pálsdóttir frá Íbúasamtökum Háaleitishverfis, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar í ÞLH sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir 1. lið var Haraldur Sigurðsson framkvæmdastjóri Kringlumýri

Petta gerðist:

1. Tengsl Ungmennaráðs ÞLH við Hverfisráð Háaleitis og Bústaða. Fyrirkomulagið er þannig að það er eitt ungmennaráð fyrir bæði hverfin, Laugardals – og Háaleitishverfi. Starfsárið er frá október til október. Hverfisráð ákveður að bjóða Ungmennaráði Laugardals – og Háaleitishverfis á fund ráðsins í janúar 2016.

Haraldur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Svör USK við fyrirspurnum frá síðasta fundi. Umferðartölur í Búsaðarhverfi lagðar fram ásamt upplýsingum um malbikunarframkvæmdir og viðhald gatna í hverfinu. Hverfisráð samþykkir að óska eftir samanburðarhæfum tölum um umferð aftur til ársins 2013 til þess að hægt sé að átta sig á því hvort um aukningu eða fækkun er að ræða. Auk upplýsinga um hvenær mælingar voru framkvæmdar.
3. Fyrirhuguð bygging Hjallaskóla í Fossvogi. Niðurstöður fundar USK frá 28/10 s.l. þar sem málið var rætt stuttlega. Formleg afstaða USK hefur ekki verið mótuð. Verið er að skoða fleiri staðsetningar.
4. Bústaðarvegur 151-153 – deiliskipulagsbreyting.

Hverfisráð samþykkir eftirfarandi bókun:

Hverfisráð lýsir yfir ánægju með að fallið hafi verið frá gerð mislægra gatnamóta á þróunarreit Þ-59 og fagnar fyrirhugaðri uppbyggingu atvinnustarfsemi á svæðinu þar sem lögð verður áhersla á þjónustu sem einkum þjóni nærliggjandi hverfum. Hverfisráð leggur áherslu á að nýbyggð í reit Þ-59 verði lágrest í samræmi við þá byggð sem þegar stendur næst reitnum og til að vernda útivistarsvæðið í Elliðaárdal. Hverfisráð Háaleitis og Bústaða telur mikilvægt að tillögur um nýtt atvinnusvæði séu unnar í sátt við íbúa og hagsmunaaðila eins og greint er frá í lýsingu á verkefninu. Ennfremur leggur hverfisráðið þunga áherslu á að dregið verði úr umferð um Bústaðarveg og breytingar á reitnum taki mið af því.

5. Hverfissjóður. Styrkumsóknir lagðar fram, 5 umsóknir bárust. Samþykkt að veita foreldrafélögum Breiðagerðisskóla, Háaleitisskóla og Fossvogsskóla styrk að upphæð kr. 220.000. Íbúasamtök Bústaða og Fossvogshverfis fá styrk að upphæð kr. 80.000. Styrkumsóknum frá Hollvinum Hæðargarðs og frá notendaráði Félagsmiðstöðvarinnar Sléttuvegi 11 er hafnað.
6. Hverfaskipulag. Rætt um undirbúning fyrir komu borgarstjóra í hverfið í janúar 2016 og hugmyndir reifaðar.
7. Líðan og hagir barna og unglinga í hverfinu. Fundur um niðurstöður Rannsóknar og greiningar verður haldinn 26. nóvember n.k. í ÞLH. kl. 13. Ráðsmenn eru boðaðir á

fundinn. Hverfisráð bendir á að tímasetning fundarins er verulega óheppileg fyrir vinnandi fólk og foreldra sem kynnu að hafa áhuga á efni fundarins.

8. Ákveðið að halda fundi þriðja mánudag í mánuði eftir áramótin kl.15:50. Fundir verða 18.janúar, 15. febrúar, 21.mars, 18. apríl, 23. maí, 20. júní.
9. Forvarnarstefna Reykjavíkur. Unnið er að aðgerðaráætlun fyrir hverfið. Forvarnarteymi ÞLH hefur það hlutverk m.a. að kortleggja forvarnir í hverfinu og kynna niðurstöður rannsókna. Stefnan ásamt aðgerðaráætluninni verður kynnt á janúarfundi ráðsins.
10. Hverfisráð samþykkir eftirfarandi bókun:

Hverfisráð lýsir yfir vonbrigðum með svar frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara frá 9. nóvember s.l. til Foreldrafélags Háaleitisskóla um endurgerð skólalóða Háaleitisskóla. Eins og segir í bréfinu hafa hagaðilar fengið misvísandi upplýsingar á síðastliðnum árum um það hvenær framkvæmdir um endurhönnun lóðanna gætu hafist. Samkvæmt nýjustu upplýsingum er staðan nú sú að ekki eigi að hefja framkvæmdir fyrr en árið 2021 eða um það leyti sem að börn sem nú eru á yngsta stigi skólans eru að ljúka námi. Það er skoðun hverfisráðsins, íbúasamtaka Háaleitis, foreldrafélags Háaleitisskóla, skólaráðs Háaleitisskóla, nemendafélags Háaleitisskóla og skólastjórnenda að löngu sé kominn tími á framkvæmdir. Í samræmi við lýsingu hér að neðan óskar Hverfisráð eftir því að matið frá árinu 2004 verði tekið upp með tilliti til núverandi aðstæðna á skólalóðum Háaleitisskóla við báðar starfsstöðvar þ.e. Hvassaleiti og Álftamýri. Hverfisráð óskar eftir svári við þessari beiðni ásamt staðfestingu á því að matið hafi farið fram.

„Skólalóðirnar eru steinsteyptar eða malbikaðar að stórum hluta og löngu úrsérgengnar og úreltar og eru því ein allsherjar slysagildra. Endurnýjun á undirlagi á yngri-barna vellinum hefur ekki verið sinnt og gras- leiksvæði þeirra er oft eitt forarsvað. Það að skólalóðirnar og stærstur partur leiksvæðis barna í skólanum sé steinsteyptur / malbikaður finnst okkur eitt og sér vera slyshætta. Þar fyrr utan eru komnar sprungur mjög víða sem gróður er farinn að kíkja upp um, og ójöfnur. Sumstaðar standa járnhlemmarnir upp úr þar sem sig hefur orðið á jarðvegi/malbiki í kring. Einnig eru lausar hellur og brotnar og brotið úr hleðslum. Mikil klaki var á skólalóðunum síðastliðin tvö skólaár og ekki alltaf hægt eða óhætt að hleypa nemendum út í frímínútur af þeim sökum. Ekki hafa orðið stórslys á nemendum svo við vitum vegna klakans en þó verið töluvert um byltur og marbletti ofl. Foreldrar og starfsfólk hafa dottið í hálkunni við skólann. Lýsingu er ábótavant á leiksvæðum. Rennibraut of brött Lítið er við að vera á lóðunum. Öryggisúttekt: Skólalóðir borgarinnar eru teknar út ár hvert og núna nýlega var gerð sérstök úttekt vegna þess að mjög sjónskert barn er að byrja í skólanum. Ansi margt sem þarf að laga bæði innan dyra sem utan af þeim sökum. Skemmdarverk: Í sumar hafa verið unnin hræðileg skemmdarverk við starfsstöð skólans í Hvassaleiti og dapurlegt að þessi ásynnd taki á móti nemendum eftir nokkra daga.“ Samantekt frá ágúst 2015 Valgerðar Solveigar Pálsdóttir form. foreldrafélags Háaleitisskóla.

Framkvæmdastjóra er falið að koma þessari bókun á framfæri við borgarstjóra, formann borgarráð sviðsstjóra SFS og USK og erindreka gagnsæis og samráðs á skrifstofu borgarstjóra.

Fundi lauk kl. 19:15

Dóra Magnúsdóttir (Sign)

Hörður J. Oddfríðarson (Sign)
Sigurður Eggertsson (Sign)

Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign)
Elinóra Sigurðardóttir (Sign)